



Fundargerð 20. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 03. mars 2026 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Linda Karlsdóttir

Mættir varamenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH),

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ), Andri Már Sveinsson (AMS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

HKS/BH ritaði fundargerð

Dagskrá

- **Ársþing AKÍS 2026**

Ársþing AKÍS verður haldið laugardaginn 14. mars í félagsheimili Kvartmíluklúbbsins í Hafnarfirði.

[Kynning á frambjóðendum](#)

Stjórn tók umræðu um ársþing sem er framundan.

Starfsmaður sendir til aðildarfélaga lista yfir heildarfjölda skirteina varðandi kjörbréfa.

Umræður fóru fram varðandi heiðursmerki AKÍS.

- **FIA Fundir**

FIA er með tvö fundi framundan:

- Region 1 fundur 21 - 23 apríl Budva Montenegro
- Sport Ráðstefna 22-25 júní Macau

Formaður leggur til að Helga (starfsmaður AKÍS) fari á Region I fundinn og formaður fari á Sport ráðstefnuna. Stjórn samþykkir þá tillögu.

- **Önnur mál**

Tölvupóstur barst AKÍS frá ÍSÍ varðandi lagabreytingar sem þarf að gera. Umræður fóru fram um málið en þar sem seinna fundarboð hefur verið sent til aðildarfélaga liggur ekki fyrir hvort hægt verður að gera breytingarnar á þingi 2026. Haft verður samband við ÍSÍ varðandi ráðgjöf vegna þessa máls.

Bent var á að bæta þarf úr birtingu fundargerða inn á heimasíðuna. Starfsmaður afgreiðir málið.

Umræður fóru fram varðandi tryggingar. Hver staðan er á þeim málum.

Til kynningar:

- Aðalfundur BÍKR verður haldinn 5. mars í húsnæði ÍSÍ.
- Aðalfundur Bítlúbbs Skagafjarðar verður haldinn 10. mars.
- Aðalfundur Umf Heklu verður haldinn 18. mars á Hellu.
- *FIA er með fyrirlestur vegna Esport þann 4. mars. Enn er hægt að skrá sig á þann fyrirlestur [Linkur](#)*
- Búið er að opna fyrir skil á starfskýrslum ÍSÍ - hvetjum aðildarfélög að klára skil.

Frá starfsmanni:

- Starfsmaður hélt vinnufund með einstaklingum sem hafa verið að skoða keppnistæki til að hefja vinnu í að koma skoðun í rafrænt form.
- Starfsmaður ásamt formanni og varaformanni funduðu með varaformanni Áfrýjunardómstólsins vegna verkferla. Farið verður í vinnu að fara yfir reglugerð um áfrýjunardómstól og samræma verkferla.
- Verklegur hluti dómnefndarnámskeiðs fór fram mánudaginn 2 mars. Dagsetningar næstu námskeiða verða opinberaðar á næstunni.

Næsti stjórnarfundur verður 10. mars 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan. 21:30